

## Stjórnarfundur hjá Félagi hrossabænda

haldinn í Bændahöllinni 29. janúar 2009

Mætt voru: Kristinn Guðnason, Ólafur Einarsson, Helga Thoroddsen, Eyþór Einarsson, Sigbjörn Björnsson og Hulda G. Geirsdóttir sem ritar fundargerð

Kristinn setti fund og gengið var til dagskrár. Fundargerð síðasta fundar hafði verið samþykkt í gegnum tölvupóst.

**ESB mál til umræðu.** Erna Bjarnadóttir frá BÍ kom til fundar og fór yfir ýmis mál er hugsanlega aðild að ESB varðar. Rætt um hvaða áhrif slík aðild myndi hafa á hrossabændur. Fram kom m.a. að hrossarækt fellur ekki undir sameiginlega landbúnaðarstefnu ESB og telur því ekki inn í þær landgreiðslur sem þar eru í boði.

Farið yfir málið frá ýmsum hliðum, t.d. möguleika á norðlægum stuðningi sbr. Finnland, en sá stuðningur kemur þó ekki frá ESB heldur finnska ríkinu samkvæmt samningnum. Helst væri að hrossabændur gætu sótt á stjórnvöld með slíkar greiðslur, þ.e. hektarastyrki vegna grasræktar á norðlægum slóðum. Aðrir styrkir eru reiknaðir út frá kornrækt á landbúnaðarhæfu landi. Aðild að ESB myndi ekki breyta neinu fyrir hrossabændur varðandi tolla þar sem þeir voru allir felldir niður með aðildinni að EES samningnum. Líklegt að aðild að ESB myndi fela í sér aukið eftirlit, utanumhald og reglur varðandi hrossahald, með tilheyrandi vinnu og kostnaði.

Varðandi innflutning á hrossum eða erfðæfni yrði að semja um það fyrirfram. Rannsóknarstyrkir ESB standa löndum utan ESB til boða ef þeir eru með samstarfsaðila innan ESB. Hugsanlegt er líka að við gætum átt not í byggðastyrkjum, fjárfestingarstyrkjum og markaðsstyrkjum.

**WorldFengur.** Jón Baldur Lorange frá BÍ kom til fundar vegna samninga um WorldFeng. Fram kom að WF er að ganga frá samningi við LH um aðgang allra þeirra félaga að WorldFeng, í samræmi við nýjan samning hjá FEIF. Málið rætt töluvert, enda mun þessi nýi aðgangur félaga í LH hafa áhrif á FHB sem hefur um nokkurra ára skeið boðið sínum félögum áskrift í gegnum félagsgjaldið. Ákveðið að semja áfram við WF um aðgang fyrir félagsmenn FHB og að FHB greiði svokallað "Breeding fee" í samræmi við samning FEIF. Eingöngu samið til eins árs á þennan hátt, en svo skuli gjaldtaka þessi skiptast öðruvísi, sbr. FEIF löndin.

Hulda spurði Jón Baldur hverju liði að koma afkvæmahrossum inn í WorldFeng og sagði það mikinn galla á upprunaættbókinni að ekki væri hægt að sjá hvaða hross hafa hlotið afkvæmaverðlaun, né lesa dómsorð þeirra. Jón Baldur svaraði því til að þetta væri eitt þeirra verkefna sem væru á dagskrá, en af ýmsum orsökum hefði ekki gefist tími til að koma því inn í kerfið enn.

Kristinn talaði um rannsóknir á sumarexemi og notkun á WF til heilsufarsskráningar og frekari gagnaöflunar í rannsóknir þar í gegn.

**Fagráð í hrossarækt** var næst til umfjöllunar. Tekin fyrir tillaga þess efnis að fjölga fagráðsmönnum um einn í átta. Sá fulltrúi yrði þá skipaður af LH og samþykktur af FHB. Kristni falið að klára málið og hafa samband við BÍ. Með þessu vonast FHB til samstarf félaganna innan greinarinnar geti aukist og orðið betra.

Fram kom að Herdís Einarsdóttir í Grafarkoti hefur lokið fjögurra ára tímabili sínu í fagráði og eru henni þökkúð góð störf. Stjórn FHB tilnefnir í hennar stað Gísli Gíslason á Þúfum.

Næst var rætt um **verkefni** framundan. Stefnt er að því að fara með Hestatorgið á HM í Sviss í sumar og hefur Hulda hafið undirbúning að því verkefni.

Stjórn FHB er þeirrar skoðunar að ekki megi slá af í markaðsstarfi erlendis nú þegar kreppir að og munu starfsmaður og stjórnarmenn vinna að stefnumörkun hvað þau mál varðar á næstu mánuðum. Stefnt er að því að starfsmaður fari á fagsýningar erlendis og heimsæki þá markaði er FHB telur ástæðu til að sækja á eða styðja.

**Samstarf við FT** er óbreytt og reka félögin saman skrifstofu í Bændahöllinni. Hugmyndir um verkefni í samstarfi félaganna eru t.d. sýnikennsla og aðrir slíkir fræðsluviðburðir fyrir hestamenn. Ein hugmynd sem komin er af stað er málþing um ágríp og munu væntanlega fleiri félög koma að því þó undirbúningur og skipulag verði á höndum FHB að mestu.

#### **Önnur mál:**

Fundarferð Kristins og Guðlaugs verður í mars. Farið yfir þau mál sem kynna þarf á fundunum.

Búnaðarþing hefst 1. mars og er fulltrúi FHB Baldvin Kr. Baldvinsson í Torfunesi. Engin erindi hafa borist frá aðildarfélögum FHB og stjórn leggur ekki fram mál til búnaðarþings.

Tekin fyrir beiðni um styrk frá Æskunni og hestinum og samþykkti stjórn að styðja verkefnið um kr. 25.000.-

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.

HGG/hgg